

Skólaráðsfundur þann 3. nóv. kl. 14.30-15.30.

*Fundarmenn: Alda María nemandi, Helgi A. skólastjóri, Hrönn Hjálmardóttir fulltrúi foreldra, Magnea nemandi, Marsibil aðstoðarskólastjóri, Sigurborg kennari, Sveindís Jóhannsdóttir formaður foreldrafélagsins og Úlfhildur kennari.*

*Hreindís Elva stuðningsfulltrúi hefur verið í veikindaleyfi.*

Helgi setti fundinn og sagði frá efni fundarins.

### **Símenntunaráætlun en henni er skilað í desember:**

**Núvitund.** Það var kynning um það síðasta vetur. Það verða 8 skipti á þessu skólaári. Við einbeitum okkur að því að vera í núinu og mun starfsfólkið fyrst læra þetta og taka þetta síðar með nemendum. Nú hafa 26 manns skráð sig. Bryndís Jónsdóttir sér um þetta.

### **Upplýsingatækni:**

Nemendur í 6. bekkjum búa til ratleik í tengslum við Turfhunt. Úlfhildur sér um þetta. Sumir kennarar sækja eTwinning námskeið og góð gulrót er í boði í lok þess.

B. námskeið í haust. Hópur fór á læsisráðstefnu á Akureyri.

**SMT.** Anna Lind hélt góðan fyrirlestur. Steinar og Helgi sóttu þessa ráðstefnu. Sveindís spurði um stöðu starfsfólks í Íþróttahúsinu og í sundlauginni en það stendur til að hafa námskeið fyrir það fólk. ÍTH hvernig er það? Starfsfólkið vantar fræðslu þar. Það er vont þegar börnin fá mismunandi skilaboð. SMT er hafnfirsk útfærsla á þessu kerfi. Það eru 11 SMT skólar á landinu. Margir skólar nota einnig PBS kerfið sem byggir á sama grunninum.

**Stjórnun:** Við höfum sótt námstefnu SÍ og málþing SKÓR. Helgi sótti ráðstefnuna „Future teachers“ sem var flott og mikið var rætt um stefnumál í skólum. Þeir skólar sem eru efstir í PISA eru ekki endilega bestu skólarnir. Huga þarf að líðan nemenda og velferð þeirra.

Ath. með **hreyfingu barna**. Sveindís sagði frá skóla þar sem tveimur tímum í hreyfingu var bætt við stundatöflu þeirra. Rannsóknir sýna að hreyfing bætir námsárangur. Við þurfum að kynna okkur þetta betur og er Flataskóli að feta sig áfram á þessari braut. Við þurfum að kynna heilsuteymingu þetta.

Ath. að bera sig vel og sýna myndugleika. Vera röggSAMUR. Einn fundur var með Maríu Ellingsen, góður, einnig höfum við séð myndina „Dead Poet Society“ með popp, kók og lakkrísörri!!!

Við þurfum að hafa þessar bjargar í heimaskólanum, hvernig við vinnum með **einhverfa nemendur**. Okkur vantar tilfinnanlega þroskaþjálfara til að vinna með okkur.

**Skyndihjálp** – það eru 3 ár síðan við vorum með það síðast. Grétar í öryggisnefndinni ætlar að athuga hvað það kostar að fá Herdís Storgaard. Hún var í Hraunvallaskóla fyrir nokkru síðan. Hún hefur sérhæft sig í þessum efnum. Gott væri að fá hana til að hjálpa okkur með ýmsar áætlanir og ferla. Helgi sagði að við hefðum líka verið með skyndihjálparnámskeið að vori fyrir 10. bekki.

Edda og Úlla voru nýverið á **textílsýningu**.

Helgi vill fá fleiri ábendingar frá okkur.

Sveindís vill gjarnan **að foreldrar komi að fleiri málum**. Eitthvað sem kemur foreldrum við. Erfitt hefur reynst að fá foreldra á námsefniskynningar að sögn Sigurborgar og bæta þarf það samstarf. Sveindís tók undir það og það var dræm mæting í sumum bekkjum.

Það vantar fulltrúa grenndarsamfélagsins. Athuga þarf það mál betur.

Rætt var um **skólapeysur** og munu nemendafulltrúar ganga í það mál.

Við ræddum einnig um **mataræði og nestismál nemenda**. Hrönn er með góðar hugmyndir þar að lútandi og við þurfum að þróa það verkefni betur.

Næsti fundur er mánudaginn 1. desember kl. 14.30-15.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Marsibil Ólafsdóttir